



Minnisblað til menningar- og lýðræðisnefndar Mosfellsbæjar

Efni: Hlégarður - staða í byrjun árs 2023

Dags: 24. janúar 2023

Málsnúmer: 202301450/-

Málsmeðferð: Til umfjöllunar

Starfsmaður: Auður Halldórsdóttir, forstöðumaður bókasafns og menningarmála

Hlégarður er í eigu Mosfellsbæjar en húsið hefur verið leigt til rekstraraðila síðastliðin 30 ár. Áður var félagsheimilið rekið í samvinnu bæjarins og Kvenfélags Mosfellssveitar en á þeim tíma var þátttaka sveitarfélaga og ríkis í atvinnustarfsemi á samkeppnismarkaði ekki reglusettt með sama hætti og nú er.

Samningur um leigu, menningarstarfsemi og rekstur félagsheimilisins Hlégarðs var gerður við Hlégarð ehf. árið 2015. Fyrirtækið er sérhæft í viðburðahaldi og veitingarekstri með öll tilskilin leyfi á því sviði þar með talið vínveitingarleyfi. Samningur við Hlégarð ehf. var framlengdur til síðustu áramóta og lauk þá starfsemi þess aðila í húsinu.

Í samningi við Hlégarð ehf. var kveðið á um markmið Mosfellsbæjar með útleigu húsnæðisins en þau voru eftirfarandi samkvæmt samningnum:

- Að efla lista- og menningarlíf í Mosfellsbæ.
- Að Hlégarður verði félagsheimili og menningarhús bæjarbúa og að bæði ungum og öldnum gefist tækifæri til að sækja þar verður í boði.
- Að í Hlégarði verði boðið upp á fjölbreytta menningarviðburði með reglubundnum hætti.
- Að í Hlégarði verði aðstaða og veitingaþjónusta fyrir fundi, móttökur, veislur og aðra mannfagnaði.
- Að auðvelda ungum listamönnum að sinna list sinni og koma henni á framfæri.
- Að gætt sé að ástandi húsnæðisins, innréttinga og innanstokksmuna og að virðing sé borin fyrir sögu Hlégarðs.

Með viðauka við húsaleigusamning sem gerður var í febrúar 2018 var bætt við markmið samstarfsins með eftirfarandi hætti:

- Að leigutaki haldi áfram að þróa framboð á viðburðum sem hafa beina tengingu við Mosfellsbæ og að leigusali styðji leigutaka við að ná því markmiði.
- Að markaðssetning á starfseminni verði eflað frá því sem nú er og húsið þannig gert sýnilegra gagnvart íbúum Mosfellsbæjar og öðrum.
- Að leigutaki setji fram almenna verðskrá fyrir helstu þjónustupætti hússins og geri þær aðgengilegar á vefnum.
- Að viðvera starfsmanna í húsinu verði tryggð a.m.k 30 mínútum áður en viðburðir á vegum leigusala eða annarra kaupenda þjónustu hefjast.
- Að samningsaðilar verði í virkum samskiptum vegna ofangreindra markmiða og fundi á tveggja mánaða fresti.



Húsaleiga fyrir hið leigða greiddist með búnaði sem leigutaki kom fyrir og hafði aðgengilegan í húsinu og var til þess ætlaður að halda fjölbreytta menningarviðburði. Þar var átt við hljóðbúnað, ljósabúnað, myndbúnað og þess háttar. Búnaðurinn sem um ræðir var að verðmæti um 20 m.kr. árið 2015 en hefur aukist að verðmæti yfir tíma.

Einnig var kveðið á um aðgang leigusala að húsnæðinu að jafnaði tvo daga í mánuði endurgjaldslaut, og skuldbindingu leigutaka til að standa fyrir menningarviðburðum. Með menningarviðburðum var átt við tónleikahald, uppistand, listsýningar, skemmtanir fyrir eldri borgara, opið kvöld fyrir framhaldsskólanema og aðra sambærilega viðburði sem auglýstir voru og voru opnir almenningi eða hluta almennings.

Samkvæmt samningi greiddi leigutaki allan rekstrarkostnað hins leigða, svo sem vegna notkunar vatns, rafmagns, hitunarkostnaðar og sá um og greiddi fyrir alla ræstingu og öryggisgæslu.

Leigusali greiddi öll opinber gjöld þar með talið fasteignagjöld og lögboðnar tryggingar af hinu leigða.

Viðburðir í Hlégarði

Tekin var ákvörðun um að nýta tímabil samkomutakmarkana til að ráðast í fyrsta áfanga endurgerðar Hlégarðs og lauk þeim framkvæmdum í apríl 2022.

Starfsemi í Hlégarði hófst á ný eftir framkvæmdir 1. apríl 2022. Viðburðahald fór almennt hægt af stað í þjóðfélaginu eftir heimsfaraldurinn en nýtingin á húsinu hefur verið góð. Hin mosfellska GDRN reið á vaðið með tónleikum í heimabyggð. Meðal annarra tónleika má nefna tvenna tónleika Bubba Morthens og hljómsveitarinnar Dimmu.

Listaskóli Mosfellsbæjar nýtti Hlégarð fyrir nemendatónleika vorið 2022 og félagsmiðstöðin Bólið hélt sín böll. Eldri borgarar hittust reglulega í húsinu og félagasamtök svo sem Lions og Afturelding hafa nýtt húsið. Þá hafði Varmárskóli Hlégarð til afnota frá ágúst til loka árs í þéttri samvinnu við rekstraraðilann. Loks er húsið á hverjum tíma leigt út fyrir fermingaveislur, árshátíðir, brúðkaup og aðrar veislur af ýmsu tagi og mikil eftirspurn er eftir því að nýta húsið til veisluhalds.

Kostnaður við búnað og rekstur Hlégarðs

Það sem Hlégarður ehf. kom með að borðinu, auk þess tæknibúnaðar sem tilgreindur er í húsaleigusamningi, er allur búnaður sem þarf við matreiðslu og borðhald, meginhluti tækja í eldhúsi og öll borð í húsinu.

Fyrir bæjarráði fimmfundaginn 26. janúar liggur tillaga þar sem meðal annars er óskað eftir heimild bæjarráðs til að verja fjármunum til kaupa á búnaði vegna starfsemi Hlégarðs og utanumhalds vegna undirbúnings og framkvæmd viðburða í Hlégarði.



MOSFELLSBÆR

VIRBING JÁKVÆÐNI FRAMSEKNI UMHYGGJA

Virðingarfyllst,

Auður Halldórsdóttir, forstöðumaður bókasafns og menningarmála